

**Sp.**

**45. Tillaga til þingsályktunar**

[43. mál]

um ríkisrekstur á váttryggingastarfsemi.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar, að öll váttryggingastarfsemi í landinu skuli ríkisrekin, og leggur fyrir ríkisstjórnina, að hún láti þegar semja varðandi þetta frumvarp að lögum, sem komið geti til meðferðar yfirstandandi þings.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að váttryggingastarfsemi öll er sífellt að komast á fleiri og fleiri hendur, jafnframt því sem sú þjónusta, sem hin ýmsu váttryggingafélög veita, gerist umdeilanlegri. Kemur þar til, að kröfur til þessarar þjónustu hafa stóráukizt, tjónahætta margfaldast á ýmsum sviðum, en bótageta hins vegar rýrnað við dreifingu váttryggingasjóða milli margra aðila. Afleiðingin hefur orðið sú, að váttryggingafélögin hafa orðið treg og þung í taumi varðandi mörg bótamál, jafnvel svo, að váttryggjendur telja sig síhlunnfarna af váttryggingafélögnum, en þau telja sig hins vegar alltaf vera að tapa á viðskiptunum. Þó spretta ný og ný tryggingafélög upp. Er svo komið, að fáar þjónustugreinar eru meir tortryggðar af alþýðu manna en váttryggingafélögin, þótt við þau starfi margt valinkunnra manna.

Þegar á það er litið, að ríkið er ugglauast langstærsti tryggingatakin beint eða óbeint (skipatryggingarnar), virðist það nánast sjálfsagt að taka þessi mál á eina hönd, ríkisins, svo að þau fái kjölfestu og stjórn, sem viðhlítandi sé fyrir almenning.

Varla þarf hér að rekja þann þátinn, hve miklu ódýrara er í mannahaldi að reka eitt váttryggingafélag en mörg, og alveg er út í hött að staðhæfa, að samkeppni váttryggingafélaga auki og bæti tryggingaþjónustuna, því að þau munu taka mið hvert af öðru, svo að almenningi komi samkeppni þeirra lítt eða alls ekki til iðgjaldalækkana eða bótahækkana.

Virðist þannig einsætt, að váttryggingastarfsemin sé ein sú þjónustan við almenning, sem sjálfsagðast er, að ríkið veiti og annist, og því fyrr því betra.